

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

34. fundur 10. mars 2006

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs föstudaginn 10. mars 2006 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 16.00. Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Hrafns Sveinbjarnarsonar héraðsskjalavarðar. Formaður setti fund, en síðan var gengið til dagskrár sem var sem hér segir:

1. Eftirlitsmál.
2. Afhending einkaskjala.
3. Forvörslumál, annað efni en pappír, og pappírnotkun Kópavogsbæjar.
4. Skilamál.
5. Önnur mál

1. Eftirlitsmál.

Héraðsskjalavörður reifaði málið og kvað reglubundið skjalahald forsendu eftirlits og líkti þessu við að reglubundið fjárhagsbókhald er forsenda þess að endurskoðandi geti farið yfir það. Skjalavistunaráætlanir lýstu því hvaða reglu væri fylgt í skjalahaldi hverrar stofnunar. Þá benti hann á að taka yrði við eldri skjalaförða óskráðum og ófrágengnum um leið og þessu væri komið á, og væri þörf á auknu starfsliði til að hrinda því í framkvæmd.

Héraðsskjalavörður kvað störf við að koma betri reglu á skjalahald bæjarskrifstofanna þegar hafin, og hefði athugasemdum verið vel tekið af þeim starfsmönnum sem rætt hefur verið við, en bréfalykill og skjalavistunaráætlun er hjá Kópavogsbæ á ábyrgð sviðsstjóra. Héraðsskjalavörður hefur lagt áherslu á að skjalahaldi ólíkra sviða verði að halda aðskildu þótt nýttir séu sameiginlegir starfskraftar að einhverju leyti. Um leið og skjalahaldi hefur verið komið í rétt horf í stofnunum bæjarins verði stefnt að því að leysa þær undan fortíðarvandanum með því að taka við hinum eldri skjölum til skráningar, frágangs og geymslu í héraðsskjalasafninu.

Meðan unnið væri að því að koma skjalahaldi bæjarins í betra lag kvað hann önnur störf verða að bíða.

2. Afhending einkaskjala

Ræddur var sá vandi sem af því getur stafað ef ekki hefur verið gerður samningur við lögerfingja eða aðra rétthafa þegar einkaskjalasöfn eru afhent. Einsýnt var talið að leitað skyldi eftir afhendingarsamningi áður en meira væri aðhafst í slíkum tilvikum. Höfundarréttur er á ljósmyndum í vörslu skjalasafnsins, en rifjað var upp að Listasafn Íslands hefur t.d. gert samning við Myndstef um myndanotkun.

3. Forvörslumál, annað efni en pappír, og pappírnotkun Kópavogsbæjar.

Rætt var um þau mál og hvernig þeim er háttað, en í því sambandi skiptir miklu fyrir alla aðila að gera sér grein fyrir ástandi mála hjá Kópavogsbæ á þessu sviði og

pappírsmarkaður og markaður annarra efna til varðveislu skjalagagna og annarra heimilda í bæjarkerfinu.

Umræðum um pappírsmarkaður og pappírsmarkaður hjá bænum var frestað, en í sambandi við markaður annarra efna benti skjalavörður á að hljóðsnældur ("kassettur") með hljóðritunum frá bæjarstjórnarfundum væru e.t.v. ónýtar eða lægju undir skemmdum, þar sem böndin endast ekki nema takmarkaðan tíma og víða er unnið að afritunum af þeim sökum. Nauðsynlegt væri að afrita snældurnar hið fyrsta yfir á stafrænt form. Geisladiskar leysa þó ekki málið nema til takmarkaðs tíma, og hafa Danir, sem kalla menningarverðmæti sem þannig eru geymd "lydarv", séð að sveppagróður getur spillt diskunum. Skjalavörðurinn kvað bæjarstjórn þurfa að huga að þessum málum, sé ætlunin að varðveita framvegis hljóðupptök af bæjarstjórnarfundum til langframa.

Í þessu sambandi skýrði héraðsskjalavörður frá því að Kristín Þorgeirsdóttir ljómyndari hefði gert kostnaðaráætlun vegna umbúnaðar á myndasafni Ólafs Jónssonar loftsiglingafræðings - ljósmyndum, filmum, skyggnum og kópíum - og hljóðar hún upp á um það bil 100 þús. kr. Komið var inn á fleira í sambandi við ljósmyndavinnu í safninu.

4. Skilamál

Héraðsskjalavörður minntist á skjöl sem afhenda á til Þjóðskjalasafns frá Heilsugæslustöð Kópavogs, en hefur verið komið fyrir í héraðsskjalasafninu til bráðabirgða. Einnig tjáði héraðsskjalavörður stjórninni að haft hefði verið samband af Samkóp sem óskaði að héraðsskjalasafnið tæki við eldri skjölum samtakanna, og væri það mál í deiglu.

5. Önnur mál

Héraðsskjalavörður gerði stjórnarmönnum grein fyrir því í stærstu dráttum hvernig málum væri háttað í skjalageymslu að Hamraborg 14A og annarri sem hann nefndi.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið kl. 16.45.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Hjörtur Pálsson
ritari

Gylfi Gröndal